



Djúpavogshreppur
Gauti Jóhannesson sveitarstjóri
Bakka 1
765 DJÚPAVOGI

SAMGÖNGU- OG
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólsögötu 7 101 Reykjavík
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 19. september 2018
Tilv.: SRN17080062/7.16.2

Efni: Áætluð úthlutun framlags vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2018


Með bréfi þessu er yður tilkynnt um áætlað framlag úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda í grunnskólum fjárhagsárið 2018, sbr. umsókn sveitarfélagsins þar að lútandi.

Á fundi ráðgjafarnefndar Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga þann 18. maí sl. var samþykkt tillaga að áætlaðri úthlutun framlaga til sveitarfélaga vegna sérþarfa fatlaðra nemenda fyrir fjárhagsárið 2018. Með tilvísun í áðurnefnda áætlun nemur framlag til sveitarfélagsins samtals **4.050.000 kr.**, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 351/2002. Framlagið greiðist mánaðarlega með jöfnum greiðslum **337.500 kr.** á mánuði.

Nánari upplýsingar um afgreiðslu umsóknarinnar hafa verið gerðar aðgengilegar trúnaðarmanni sveitarfélagsins í gegnum gagnagátt greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins. Eins og fram kemur í bréfi Jöfnunarsjóðs til trúnaðarmanns sveitarfélagsins, einnig dags. í dag, er **frestur til að senda inn leiðréttingar eða ný gögn vegna greiningar á nemendum til 19. október nk.** Eftir þann tíma mun Jöfnunarsjóður ganga út frá framangreindri áætlun um greiðslur framlaganna til sveitarfélagsins fyrir fjárhagsárið 2018.

Frekari upplýsingar um afgreiðslu þessa eru góðfúslega veittar af Hrafnkeli Hjörleifssyni, Jöfnunarsjóði í síma 545-9060.

Fyrir hönd ráðherra


Guðni Geir Einarsson



Hrafnkell Hjörleifsson